

AUSTURLANDSVIRKJANIR - FLJÓTSDALUR

SKÝRSLA UM

JARÐFRÆÐIATHUGANIR VIÐ JÖKULSA Í FLJÓTSDAL

SUMARIÐ 1970

eftir

Elsu G. Vilmundardóttur, jarðfræðing

VIÐAUKI : Lýsing á bergsýnum eftir Bente Helgren-Jensen

Agúst 1972



ORKUSTOFNUN

AUSTUR LANDSVIRKJANIR - FLJOTSDALUR

SKÝRSLA UM

JARÐFRÆÐIATHUGANIR VIÐ JÖKULSA Í FLJOTSDAL

SUMARIÐ 1970

eftir

Elsu G. Vilmundardóttur, jarðfræðing

VIÐAUKI : Lýsing á bergsýnum eftir Bente Helgren-Jensen

Agúst 1972

## E f n i s y f i r l i t

1. Formáli .....	bls.	1
2. Landslag og lega .....	"	2
3. Rannsóknarlysing .....	"	5
4. Lysing á sniðum .....	"	6
5. Jarðlagatengingar .....	"	11
6. Jarðfræðileg túlkun .....	"	12
7. Laus yfirborðslög .....	"	19
8. Eftirmáli .....	"	20
9. English Summary .....	"	21

## M y n d i r

1. Yfirlitskort
2. Staðsetningarkort
3. Jarðfræðikort
4. Jarðvegskort
5. Jarðlagasnið og tengingar
6. Snið 10 Bessastaðaá
7. " " "
8. " 20 Végarður
9. " " "
10. " 30 Melgræfur
11. " " "
12. " 40 Orkuver
13. " skýringar og skammstafanir
14. " 50 Ljósá
15. " 60 Grundarlækur
16. " " "
17. " 80 Laugará
18. " 00 Jökulsá
19. " " Jökulsá

## AUSTURLANDSVIRKJANIR - FLJÓTS DALUR

### SKÝRSLA UM JARÐFRÆÐIATHUGANIR VIÐ JÖKULSA Í FLJÓTS DALUR SUMARIÐ 1970

#### 1. Formáli.

Skýrsla þessi fjallar um jarðfræðirannsóknir við Jökulsá í Fljótsdal í júlí og ágúst 1970. Rannsóknirnar eru liður í rannsóknáætlun, sem nær til Austurlands, frá Jökulsá á Fjöllum að Jökulsá í Fljótsdal. Tilgangur rannsóknanna er sá að kanna möguleika á samveitu þessara áa, auk Jökulsár á Brú og nokkurra smærri áa, með sameiginlega virkjun þeirra í ofanverðum Fljótsdal í huga.

Svæði það, sem hér er fjallað um og sýnt er á mynd 1, nær frá Bessastaðaá að Eyjabakkajökli. Svæðið er um 45 km á lengd og 10 km breitt. Svæðið er all erfitt yfirferðar og viða varð að fara fótgangandi, t.d. um brekkurnar í Fljótsdal og berá öll sýnishorn og annan farangur á bakinu. Svo mýrlent er á heiðunum upp af Fljótsdalnum, að ekki er fært á bílum um þær nema að mjög takmörkuðu leyti og ferðuðumst við þar fótgangandi og á hestum. Sama er að segja um efsta hluta svæðisins.

Að þessum rannsónum unnu auk míni: Bente Helgren-Jensen, jarðfræðistudent frá Kaupmannahöfn. Hún hefur gert allar greiningar á sýnishornum, sem við söfnuðum og skrifað bergfræðiviðaukann. Björn Jóhann Björnsson, járðfræðistudent frá St. Andrews í Skotlandi og Snorri Zóphóniasson, jarðfræðistudent frá Háskóla Íslands.

Vert er að geta þess, að við nutum greiðasemi og góðvildar fjölmargs fólks á Austurlandi. Að það hinum beztu þakkir okkar.

## 2. Landslag og lega.

Rannsóknarsvæðið er sem fyrr segir meðfram Jökulsá í Fljótsdal, frá Bessastaðaá að Eyjabakkajökli. Jökulsá í Fljótsdal kemur úr Eyjabakkajökli, sem er skriðjökultunga er teygir sig til norðausturs úr norðausturhorni Vatnajökuls. Eyjabakkajökull mun hafa náð mestri stærð frá ísaldarlokum um 1890. Á kortinu á mynd 4 svarar mesta stærð jökulsins til svæðis þess, sem auðkennt er með jökulurð, en jökulröndin er færð inn eftir loftmyndum teknum árið 1967.

Jökulsá í Fljótsdal kemur sem fyrr segir úr jöklinum og framan við mórenuna rennur hún um viðlenda aura. Er það myrlendi, sem hún er að færa í kaf í aur. Er aur þessi sennilega myndaður að mestu leyti eftir 1890. Þegar Svein Pálsson lítur þetta svæði augum árið 1794 (Ferðabók bls. 384) lítur það svo út: "Skammt frá jöklinum (þ.e. Eyjabakkajökli), fyrir sunnan Snæfell, fellur Jökulsá um flatt, votlent landssvæði, sem Eyjar nefnast. Er þar grösugt mjög og ágætt fyrir svani". Við Eyjabakkafoss þrengist farvegur árinnar og gerist brattari. Fellur áin af hverju berglaginu af öðru í fossum og flúðum í nokkuð beina stefnu til norðausturs, austur með undirhlíðum Snæfells. Móts við Laugarfell, við Kirkjufoss fellur hún í alldjúpt gljúfur og má segja að þar sé upphaf Norðurdals, sem fer breikkandi og dýpkandi er neðar dregur. Farvegur árinnar er allbrattur frá Eyjabakkafossi niður á móts við Þuriðarstaði. Fellur áin um 570 m á 25 km vegalengd. Fjölmargir fossar eru í ánni þegar hún fellur af hraunlöögum. Flestir eru fremur smáir, nema helzt þar sem áin fellur af þykkum hraunlöögum eða þykk auðgrafin millilög eru undir hraunlagi, sbr. Kirkjufoss, sem er hæsti fossinn í ánni og fellur af hraunlagi nr. 0016, sbr. mynd 5. Frá Þuriðarstöðum er áin fremur hallalítill og hefur byggt undir sig eyrar, einkum þegar kemur fram fyrir Múlann. Við Múlann greinist Fljótsdalur í two inndali,

Norðurdal, sem Jökulsá fellur um og Suðurdal, sem Kelduá fellur um. Árnar sameinast svo á aurunum fyrir framan Múlann. Kelduá er dragá, sem á upptök í Kelduárvatni og hæðardrögum við austurhorn Vatnajökuls. Sveinn Pálsson getur um þessar ár. Í Ferðabók hans (Dagbók 1794, bls. 377) stendur þetta: "Lagarfljót er eiginlega uppistaða í Jökulsá, sem fellur niður eftir svonefndum Norðurdal og sameinast annarri skollitaðri á, Keldná, sem kemur ofan Suðurdal, næsta dal fyrir austan. Sagt er, að Jökulsá hafi fyrrum verið aðeins líttill lækur, en nú er hún býsna vatnsmikil .... Áin (Keldná) kemur úr Keldnárvatni, sem fyrrum hefur verið spottakorn frá jökulbrúninni, en nú er hún gengin fram yfir vatnið". Lýsir þetta að stæðum talsvert frábrugðnum þeim, sem nú er að finna, enda jöklar í örum vexti á dögum Sveins.

Helztu þverár Jökulsár eru: talið ofan frá: Hafursá, Laugará, Bessastaðaá og Hengifossá að norðanverðu og Innri- og Ytri-Heiðará, Sníkilsá og Fossá að sunnanverðu.

Hlíðar Fljótsdals og Norðurdals eru háar og brattar með klettabeltum, sem rekja má einstök lög í langar leiðir. Hallar þeim nokkuð inneftir dalnum. Viðast hvar er fært um brekkurnar, nema þar sem klettabeltin mynda hamrastalla eins og þau gera á svæðinu frá Melgræfum og inn að Þuriðarstöðum. Þar er viðast hvar ókleyft eða illfært upp á brúnir. Brekkurnar eru ávalar og grasi grónar skriður milli klettastallanna, nema þar sem ný skriðuför eru eða lækir renna um. Nýjasta skriðuhlaup úr hliðinni er við Félagsheimilið Végarð, en þar féll skriða fyrir u.p.b. 3 árum. Innan efsta bæjar í Norðurdal, Kleifar, er töluvert birkikjarr.

Heiðarnar Vestur af dalnum eru hallalitlar og votlendar, í um 640 m y.s. og ná óslitið inn að Eyjabökkum. Eru þetta mýrarflár með fjölmörgum vötnum, flestum smáum og væntanlega grunnum. Stærst er Gilsárvötn. Nokkur fell og ásar skaga upp úr mýrinni. Er Miðfell þeirra hæst 694 m y.s.

þegar kemur suður fyrir Laugará, breytist landslag verulega og gerist fjöllótt. Berggrunnurinn, sem hefur verið uppbyggður af síendurteknum hraunlögum og millilögum, líkt og terta úr mörgum "botnum" breytist. Snæfell og aðliggjandi fell eru eldfjöll og er þar að finna bólstraberg, móberg og breksíu og auk þess mikið af líparíti, einkum í Snæfelli sjálfu. Er þetta einnig yngsta bergmyndun á svæði því, sem hér er fjallað um.

### 3. Rannsóknarlýsing.

Hér fer á eftir lýsing á rannsóknaraðferðum okkar og einnig verður rætt um hvert snið fyrir sig. Um berggreininguna er svo fjallað í viðaukanum, en þar er lýsing á einstökum berglögum.

Vinnuaðferðir. Vinnuaðferðir okkar voru mjög venjulegar fyrir jarðfræðikortlagningu. Mælitæki voru: Attaviti, paulin hæðarmælir og segulstefnumælir. Kort þau, sem notuð voru eru: Herforingjaráðskortin í mælikvarða 1:250.000 og 1:100.000, auk þess amerísku kortin í mælikvarða 1:50.000, en það eru nákvæmustu og beztu kort, sem til eru af þessu svæði og eru þau lögð til grundvallar þeim kortum, sem hér birtast. Einnig voru loftmyndir frá Landmælingum Íslands til ómetanlegs gagns, bæði við kortlagningu og staðsetningar. Allar hæðartölur á sniðum eru ágizkaðar út frá kortunum og gætir þar að sjálfsögðu talsverðrar ónákvæmni, þar sem einungis 20 m hæðarlínur eru sýndar á kortunum, en þrátt fyrir þennan annmarka eiga sniðin að geta gefið allgóða hugmynd um jarðlagaskipan í innanverðum Fljótsdal og Norðurdal, fjölda og gerð jarðлага, o.fl. Sniðin eru unnin með líkum hætti og borholusnið með það fyrir augum, að auðveldara verði um samanburð við væntanlegar borholur á þessu svæði.

Sýnishorn. Sýnishorn voru tekin úr nær öllum hraunlögum og mörgum millilögum. Þó var því sleppt að taka úr millilögum, sem voru mjög þunn og einnig þeim, sem voru mjög grófgerð, þannig að ekki var unnt að taka sýnishorn, sem gaf rétta hugmynd af laginu. Urðum við að takmarka sýnishornatöku nokkuð vegna þess að við urðum víðast hvar að bera þau á bakinu langan veg um erfiðar brekkur. Öll sýnishornin voru merkt, og á hraunasýnishornin var einnig merktur toppur, þ.e. það sem upp sneri, til þess að hægt væri að ákvarða segulstefnu þeirra.

4. Lýsing á sniðum.

Snið 10 Bessastaðaá. Þetta er annað stærsta sniðið, sem við gerðum, um 9 km langt og 600 m þykkt. Fylgt var Bessastaðaá frá brekkurótum að Þrimelum, þar sem áin kemur fyrst á klöpp skammt frá upptökum sínum í Gilsárvötnum. Þetta reyndist vera lang flóknasta og fjöl-breytilegasta sniðið og trúlega það, sem spannar lengstan jarðsögu-legan tíma. Neðst í sniðinu eru tvö hraunlög. Þar ofan á er svo allþykkt lag af sandsteins- og völubergi og þykkt hraun ofan á því. Bergið er mjög sprungið og ummyndað, enda skera það 5 gangar með norðlæga stefnu. Þarna er einnig misgengissprunga, þar sem austari barmurinn hefur sigið um 25-30 m og koma lög nr. 1003 og 1004 tvisvar fyrir í sniðinu. Er brekkan afliðandi en fer að draga upp í bratta í næsta lagi, 0005, sem er um 45 m þykkt og þykkasta millilag milli hrauna, sem við fundum í sniðunum. Neðsti hluti þess er mjög greinilegt jökulberg, með stórum rispuðum steinum í ósorteruðum millimassa. Ofan á því er flykruberg. Er það ljósbrúnt með hvítum flykrum. Flykrurnar eru hvít vikurkorn. Einig koma fyrir allstór (10 cm löng) brotstykki af ljós- blágráu líparíti og basalti. Lag þetta er um 20 m þykkt. Er það meyrt í sér, en stendur vel. Ofan á því er dökkbrúnt tuff, um 20 m þykkt, er allgreinileg lagskipting í því. Hraunið ofan á þessu lagi (0006) ber þess merki að hafa runnið út í vatn. Neðri hluti þess er brotinn og óreglulega stuðlaður og vottar fyrir bólstrum. Ofan á þessu lagi er annað þykkt millilag, sem við könnuðum ekki vel, þar sem erfitt er að komast að því, en ofarlega í því er surtarbrandslag. Er það þunnt, ca. 10 cm lag af koluðum, pressuðum viðarbútum. Lög þessi, 1005 og 1007 eru sama myndun og kemur fram í gljúfri Hengifoss skammt frá, en þar er hún enn þykkari. Ber þar ekki á flykrubergi, en dökkt, lagskipt tuff er þar mjög áberandi og einnig eru surtarbrandslög þykkari.

Fyrir ofan lag 1007 eru brattar brekkur þar sem skiptast á hraun og millilög, ber þar mest á sandsteini og völubergi, líkt og

um gamlar áreyrar væri að ræða. Völurnar eru að stórum hluta úr líparíti og vel fágaðar. Einnig eru allþykk lög, sem tengd eru nálægri eldvirkni. Það er ulög, sum allþykk, úr tuffi og gjalli. Má þar sérstaklega benda á lag 0020. Þar eru stór gjallkleprastykki, líkt og sjást á gígþormum. Sama er að segja um lag 1054/1053. Jökulbergslag er í um 500 m hæð. Það er talið vera eitt af aðal-einkennislögum sniðanna, sbr. mynd 5. Tvö jökulbergslög, það neðra allþykkt og með móbergstuffi undir, eru svo í um 600 m efst í sniðinu. Tveir gangar, í framhaldi af Tröllkonustíg sjást í gilinu í rúmlega 300 m hæð. Mikið er um smá misgengi, innan við 5 m. Tvö stærri misgengi eru sýnd á sniðinu til viðbótar við það sem fyrr er nefnt, annað milli laga 1038/1034, þar sem vesturbarmur hefur sigið og þrjú hraunlög vantar í sniðið og hitt í lagi 1050 þar sem austurbarmur hefur sigið, en það er algengara. Þegar komið er upp í 500 m hæð dregur mjög úr brattanum.

Bessastaðagil hefur nokkurn veginn austur-vestur stefnu, sem er hallastefna jarðlaganna. Jarðlagahallinn er um  $7^{\circ}$  til vesturs neðan til, en fer minnkandi er ofar dregur og kemur í yngri jarðög.

Snið 20 Végarður. Það er kennt við Félagsheimili Fljótsdalshrepps, enda tekið í hlíðinni fyrir ofan samnefnt hús. Neðst við brekkuræturnar er suðurendi Tröllkonustígs, sem er breiður, samsettur gangur, sem skásker hlíðina og skagð víða út úr henni og gefur henni sérstæðan svip. Bergið er brotið og ummyndað umhverfis ganginn og veðrast auðveldlega burt. Er því líkast til að sjá, sem vegur sé lagður á ská upp hlíðina. Gang þennan má rekja um 10 km vegalengd, úr Bessastaðagili um Tröllkonustíg, þaðan í Múlanum og í hlíðina fyrir ofan bæinn Víðivallagerði í Suðurdal.

Fyrir 3 árum féll skriða eftir hlíðinni fyrir ofan Végarð. Reif hún upp jarðveg og hreinsaði allvel burt frá bergeninu, en annars er hlíðin vel gróin með útskagandi hraunlögum. Var sniðið að mestu leyti tekið í þessu skriðufari. Lengd þess er um 465 m. Skiptast þar á hraun og millilög. Millilöggin eru greinilega miklu þynnri í

þessu sniði heldur en í sniði 10, sbr. töflu 1, bls. 10. Um gerð millilaganna er það að segja, að talsvert er um tuff og einnig er mikið um grófgerða breksíu, og er líkast því sem um skriðuberg sé að ræða. Þessi lög eru með stórum, köntuðum steinum ólíkum útlits og milli þeirra er sandsteinn, ólagsskiptur og ósorteraður. Lög þessi eru allhörl, líkt og jökulbergslöggin.

Snið 30 Melgræfur. Þetta snið er tekið skammt frá hugsanlegu stöðvarhússtæði í lækjarfarvegum, sem nefnast Melgræfur. Það er um 510 m langt og skiptast þar á hraunlög og millilög líkt og áður. Mest ber á tuffi og lagmótabreksíu í millilögnum, en tvö greini-leg jökulbergslög eru þar einnig og er hið neðra þeirra, no. 3028, í tengzum við móberg og móbergsbreksíu. Lag þetta kemur einnig fram í sniði 40. Tölувert er um sprungur með norðlæga stefnu á þessu svæði og er bergið oft brotið umhverfis sprungurnar. Ofantil í sniðinu er allmikið klettabelti, sem rakið verður frá Þuriðarstöðum og yfir í Klausturhæð.

Snið 40 Orkuver. Það er tekið í brekkunni skammt innan við Melgræfur á hugsanlegu stöðvarhússtæði. Þar er brekkan að miklu leyti hulin grasi grónum skriðum (Um 56% af sniðinu) upp að ókleyfu hamrabelti. Það berg sem sést í eru basalthraunlög að undanteknu lagi undir 4010, en það er jökulberg og móberg, samskonar og lag nr. 3028. Hraunlög 4010 og 4011 mynda stall fyrir ofan jökulbergslagið og eru þau skorin af um 2 m breiðum gangi með norðlæga stefnu. Hamrabeltið er talsvert sprungið. Hafa sprungurnar norðlæga stefnu og er bergið brotið umhverfis og veðrast út skorur þar sem sprungurnar eru. Stundum eru gangar í sprungunum en ekki könnuðum við það sérstaklega. Ekki ber á að millilög séu að neinu ráði í hamrabeltinu. Það er byggt upp af misþykkum hraunlögum, stundum með þunnri lagmótabreksíu.

Snið 50 Ljósá. Það er tekið við Ljósá, rétt hjá bænum Hóli. Það er um 265 m langt. Stórr hluti þess er skriðuhulinn (um 40%). Það eru nær eingöngu hraunlög sem sjást í stöllum í hlíðinni, en fyrir ofan lögnum skriðuna er klettabeltið, illkleyft á þessum stað.

Snið 60 Grundarlækur. Það er tekið eftir farvegi Grundarlækjar, sem er skammt innan við Þuriðarstaði. Bærinn stendur á brún hamrabeltis þess, sem áður er minnzt á og nær út í Klausturhæð. Þarna er það komið niður í dalbotn og fer yfir Jökulsá og má rekja það hækkandi eftir hlíð Múlans hinum megin árinnar. Hlíðin við Grundarlæk er hlaðin úr mjög reglulegum hraunlögum. Hver hraunstallur er mjög jökulnúinn og ávalur með greinilegum hvalbökum og jökulrispum. Millilög eru ekki önnur en lagmótobreksía og að heita má undantekningarálaust hafa hraunlöggin gjallkennt eða blöðrótt yfirborð. Lítur út fyrir að þau séu runnin með stuttu millibili.

Grundarlækurinn fellur eftir gangi, sem þversker hlíðina. Er bergið talsvert sprungið og bakað meðfram ganginum og hefur grafizt auðveldlega. Skagar gangurinn sums staðar í klettabrékum upp úr farveginum. Fleiri lækir virðast falla eftir göngum á þennan hátt í nágrenninu, en ekki athuguðum við það nánar. Í um 280 m er jökulbergslag og er það eitt aðal einkennislag sniðanna, sem þar kemur fram, sbr. mynd 5. 3 önnur setbergslög voru talin í sniðinu ofar og einnig allþykkt móbergslag.

Snið 80 Laugará. Það er tekið meðfram Laugará, sem rennur framhjá Laugarfelli og dregur nafn af ca.  $40^{\circ}$  heitri laug, sem er rétt sunnan við ána. Sniðið er um 285 m þykkt og hefur upp á mikla fjölbreytni að bjóða. Áin fellur í fossi í Jökulsá og þar fyrir ofan er mjög þykkt lag af móbergi og móbergsbreksi með jökulbergskápu að ofan. Þetta er sama lag og Kirkjufoßgljúfrið er grafið í. Hraunið ofan á þessu lagi er þykkt og myndar reglulega og svera stuðla og svarar lengd þeirra til hraunþykktarinnar. Þar ofan á er svo lag af móbergstuffi og síðan taka við nokkur fremur þunn hraunlög, en ofan á lagi 8015 er svo breksía af súru tuffi og

líparíti, gróf, en með talsverða lagskiptingu. Gæti hún hafa sezt til í talsverðum halla. Trúlega er þetta súra berg tengt líparít-mynduninni, sem kemur fram í Snæfelli. Þrjú jökulbergslög eru ofar í sniðinu og undir því efsta er lag af súru, fínkornóttu tuffi, væntanlega einnig tengt Snæfelli.

Snið 00 Jökulsá. Þetta er lengsta sniðið, tekið meðfram norðurbakka Jökulsár frá Eyjabakkafossi að Þuriðarstöðum um 25 km á lengd og um 570 m þykkt. Efri hluti þess einkennist af jökulbergslögum milli hraunlaga niður fyrir Kirkjufoss, en eftir það er fremur lítið um millilög önnur en tuff og lagmótobreksíu. Við bæinn Kleif er svo aftur jökulbergslag, sem virðist mega rekja nokkurn veginn óslitið út með hliðinni út að Bessastaðagili. Þar fyrir neðan eru svo mörg þunn hraunlög.

Sýnishornum var einnig safnað á hæðunum Miðfelli, Klausturhæð, Norðaustarafelli og Teigsbjargi. Eru þau einungis sýnd á mynd 5. Lýsingu á þeim er að finna í viðaukanum. Talsverðu af sýnishornum var einnig safnað á Snæfelli og umhverfis það, en ekki verður fjallað um þau hér að neinu ráði. Verður þeim gerð skil síðar í sambandi við frekari rannsóknir þar.

Í töflu þeirri er hér fylgir er yfirlit yfir sniðin.

Tafla 1

Snið nr.	Þykkt m	fjöldi hrauna	Meðalþ. hrauna	Hraun %	Millil. %	Skriða %
10	590	43	8.7	63	37	
20	465	29	11.6	72	21	7
30	510	41	9.5	76	8	16
40	300	18	7.0	47	2	51
50	265	15	12.7	58	2	40
60	485	43	8.8	77	17	5
80	285	27	6.5	61	33	5
00	<u>570</u>	<u>75</u>	5.9	77	23	

Samanlög lengd þeirra er um 3491 m og að viðbættum sniðunum á fellunum, 260 m, eru þetta alls 3751 m.

Af sniðunum í töflunni eru hraun að meðaltali um 66%, millilög um 18%, skriða um 16%.

### 5. Jarðlagatengingar.

Á mynd nr. 5 er gerð tilraun til að tengja saman einstök lög og einnig að skipta lögunum í ákveðna segulskeiðsflokka. Tenging einstakra laga hefur verið gerð einkum á þrennan hátt: 1. Reynt að fylgja einstökum hraunstöllum eftir með augunum. Er með því móti hægt að fara nærri um það hvaða lög samsvara sér eða eru þau sömu í sniðunum. 2. Bergfræðilegum athugunum. Teknar voru þunnsneiðar á nokkrum stöðum. (Merkt með stjörnu á mynd 5). Fókkust þar góð samsvörun milli þriggja sniða á tveimur stöðum. Það eru eftirtalin lög: 1032 - 2035 - 3027 og 1046 - 2046 - 3038. 3. Tenging laga eða lagbunka með sömu segulstefnu. Á þessum grundvelli hafa sniðin verið tengd saman og einnig reynt að binda þau segulstefnutímatalinu. Sjá nánar í næsta kafla.

## 6. Jarðfræðileg túlkun.

Rannsóknarsvæðið er í vesturjaðri tertieru blágrýtismyndunarinnar á Austurlandi. Þar er hún að hverfa undir snemmkvarterar myndanir, sem að vísu eru líkar að uppbyggingu, þ.e. hraunlög með millilögum, en geyma merki um kaldara loftslag. Myndunum þessum hallar til vesturs. Er hallinn mestur neðst í elzta bergeninu, 6-7 gráður en fer minnkandi er ofar dregur og er um 2-3 gráður ofan til.

Allt frá upphafi jarðfræðirannsókna á Íslandi hefur mönnum verið það keppikefli að finna sem víðast skilin milli tertier og kvarter. Voru snemmkvarterar myndanir á blágrýtissvæðunum nefndar Gráa hæðin (Graue Stufe) af Dr. Helga Pjeturss, sem gerði grein fyrir því fyrstur manna, að hér væri um svo ungar myndanir að ræða. Gaf hann þeim nafnið Gráu hæðina vegna þess að þær hafa gráleitari blæ og sýna minni merki ummyndunar en bergið sem undir er. Einnig fann hann jökulbergslög milli hraunlaganna í Gráu hæðinni.

Nú hefur verið könnuð allvel útbreiðsla þessara kvarteru myndana, ekki hvað sízt á Austurlandi, einkum í Jökuldal og einnig nokkuð í Fljótsdal, sem hafa verið kannaoðir sérstaklega með það fyrir augum að fá sem bezta mynd af segulstefnutímalinu. Hafa fjölda margir unnið að þessum rannsóknum um langt árabil. Hér hefur verið einkum höfð hliðsjón af rannsóknum Wensink og Dougall, Dagley, Walker, Þorbjarnar Sigurgeirssonar o.fl.

Í töflu á bls.18 hafa sniðin verið færð inn á segulstefnutímatál, sem sniðið er eftir uppsetningu Cox 1969. Nær það 4.5 miljónir ára aftur í tímann. Er það byggt m.a. á Kalium - Argon aldursákvörðunum. Kvarter er talinn hefjast fyrir rúmum 3 milljónum ára, en um það leyti fer að bera meir á menjum um kalt loftslag í jarðlögum. Eru skilin milli segulskeiðanna Gauss - Gilbert eða  $N_2 - R_2$  eins og þau eru líka kölluð oft notuð til að greina milli tertier og kvarter og er það einnig gert hér. Skautaksiptin urðu

fyrir um 3.3 miljónum ára. Eru þau þægilegt til viðmiðunar á eldgosasvæðum eins og hér er um að ræða.

Þegar reynt var að fella sniðin, sem hér ræðir um, inn í tímatalið var stuðst við segulstefnumælingar á sýnishornum þeim, sem safnað var í sniðunum og þær svo bornar saman við niðurstöður áðurnefndra aðila. Er sú túlkun á segulskeiðum, sem hér er sýnd að sjálfsögðu ekki óskeikul. Hægt er að fá ýmsar fleiri "útkomur" en hér er að sjálfsögðu sett fram sú túlkun, er mér þykir líklegust.

Í töflu 2 hef ég sett inn öfugt stutt segulskeið undir Mammoth skeiðinu í N<sub>2</sub>. Hef ég ekki aðrar heimildir fyrir því en athuganir okkar frá s.l. sumri. Þarf það að sjálfsögðu nánari athugunar við áður en hægt er að fullyrða nokkuð um hvort hér sé um sérstakt segulskeið að ræða. Hins vegar verður það að teljast líklegt, að ekki séu öll styttir segulskeið (events) fundin og staðfest ennþá.

Walker og samstarfsmenn hans, sem hafa reynt að fá fram eins heillega mynd af blágrýtismynduninni á Austurlandi og kostur hefur verið, frá elzta til yngsta bergs, nota ofanverðan Fljótsdal og Norðurdal frá Bessastaðagili að Laugará sem rannsóknarsvæði fyrir yngsta hluta myndunarnarinnar. Ekki verður ráðið af grein þeirra hvar þeir telja mörkin milli tertier og kvarter, (Gilbert (R2)/ Gauss N2 ) en kort Wensinks 1964 sýnir skilin milli tertier og kvarter ofan við bæinn Kleif, efsta bæ í Norðurdal og út eftir hlíðinni, og yfir Bessastaðaá neðan við ósa Sauðarbanalækja er í hana falla. Skil þessi eru ekki dregin í samræmi við jarðlagahallann og hljóta að víkja frá réttu lagi annað hvort við Kleif eða Bessastaðaá. Eru mörkin við Bessastaðaá á líkum stað og þau mörk, sem ég hef dregið, en efri mörkin eru þá móts við Þuriðarstaði, sjá mynd nr. 3.

Skilin milli Gauss (N1) og Matuyama (R1) sjá mynd 5 og eru við hraunlagið þykka í Kirkjufossgljúfri og sama hraunlag kemur einnig fram neðarlega í farvegi Laugarár og er auðvelt að rekja það eftir

loftmyndum nokkurn spöl suðvestureftir brún Norðurdals. Undir lagi þessu er eins og áður er getið, mjög þykkt lag af móbergi og jökulbergi og er það hér talið samsvara jökul- og móbergslögunum efst í sniði 10 við Bessastaðaá. Það styrkir þessa hugmynd, að í sniðum T (við Kleyf) og U einhvers staðar milli Kleyfar og Laugarár frá Walker og samstarfsmönnum hans 1964 og 1965, sem Leo Kristinsson létt mér góðfúslega í té, eru sýnd þykk lög af móbergi og jökulbergi í um 550 m y.s. milli hraunlaga með rétta segulstefnu, og tel ég sennilegt að þar sé um sömu myndun að ræða. Á mynd 3 jökul- og móbergslagið við Kleif sýnt með ófylltum þríhyrningi. Hæðirnar, Miðfell, Teigsbjarg og Norðaustarafell eru taldar vera frá Matuyama (R1). Á korti Wensink 1964 eru skilin Matuyama/Gauss sýnd norðan Gilsárvatna, en hér eru þau talin liggja um efstu brúnir Norðurdals og Fljótsdals. Rétt segulmögnuð hraunlög í báðum sniðum 00 og 80 eru talin vera frá Olduvai og rétt segulmögnuð hraunlög ofarlega í Laugarársniðinu eru talin vera frá Gilsá. Segja má, að töluverð óvissa sé um mörkin milli Matuyama/Gauss, e.t.v. eru þau ofar við hraun 0008 og 8016, en úr því verður ekki skorið fyrr en fyrir liggja rannsóknaniðurstöður frá svæðinu þar fyrir norðvestan, en allöruggt má samt telja, að mörkin séu dregin í samræmi við vel ákvarðað einkennislag, þannig að samtíma myndanir tengjast saman. Einnig verður að teljast stuðningur í því, að í sniði Walkers V frá Laugará er öfugt segulmagnað hraun, sem virðist svara til 8008.

Jökulbergslagið, sem kemur fram í 4 sniðum, sjá töflu 2, virðist geta samsvarað elzta jökulbergi í Jökuldal og er litlu eldra en Mammoth skeiðið.

Elzta bergið er að finna í sniði 10 við Bessastaðaá. Hér er það talið vera um 4.4 miljón ára gamalt, en gæti verið eldra, en tæplega mikið yngra. Neðarlega í sniði 10 (lag 1005) er mjög greinilegt og auðþekkjanlegt jökulbergslag með stórum jökulrispuðum steinum í gráum ósorteruðum matrix. Ofan á því er flykruberg

(súrt tuff) og brúnt tuff ofan á því. Hvaðan flykrubergið er komið er óvist. Næsta líparítsvæði er Þingmúlasvæðið, en það er talið vera miklum mun eldra. Annað líparítsvæði, við Snæfell er bæði yngra og í of mikilli fjarlægð.

Ofangreint jökulbergslag fann ég aðeins á þessum eina stað og veit ekki nánar um útbreiðslu þess. Gæti verið um að ræða mórenu eftir skriðjökulstungu af fjalli, sem náð hefur upp fyrir snælinu. Hefur þetta þá væntanlega verið eldfjall, ef til vill hliðstætt Heklu. Þegar eldvirknin hefur verið öll hefur fjallið grafizt burt við endurteknar jöklanir.

Ýmislegt bendir til þess, að allhátt fjall hefi verið þar sem Lögurinn er nú eða þar um bil meðan Fljótsdalsheiðin var að byggjast upp, að því er virðist í dal. Það sem helzt bendir til þess er:

1) Aðurnefnt jökulberg og flykruberg. 2) Nokkur völubergslög ofar í sniði 10, oft með líparítvölum. 3) Mörg lög af skriðubergi, einkum í sniði 20. 4) Gangar og þykk lög af móbergi, einnig gjallkleprum og tuffi benda til nálægrar eldvirkni. 5) Sprungusvæði mikið með norðlæga stefnu gengur yfir Fljótsdalinn austanvert við Bessastaðagil. Er þar mikið um ganga og ummyndanir. Gæti þar verið að leita leifanna af fjalli þessu. Ekki gafst tími til að athuga þetta nánar og er á þetta minnst hér, vegna þess eins og fyrr segir, að millilögin í sniðunum virðast gefa vísbendingu í þessa átt.

Mæðalþykkt millilaga í sniðunum er um 18%. Þykkstu lögini er að finna í elzta og yngsta hluta bergsins og er sama aðalefnið í millilögunum í báðum hlutunum, þ.e. móberg og tuff og bera því vitni um eldvirkni engu síður en hraunin. Til hléa í upphleðslunni benda hins vegar lög af jökulbergi, völubergi, sansteini og surtarbrandi. Jökulbergslög eru miklu tíðari í yngri hluta sniðanna sérstaklega í efri hluta sniðs 00 meðfram Jökulsá.

Sniðin eru talin spanna yfir um 3 miljónir ára, frá 1.5 - 4.5 miljónum ára. Jarðlagabykktin er rúmir þúsund metrar. Yngsti hlutinn er í sniði 80 og eru rétt segulmögnuðu löggin ofarlega í því talin vera frá skeiði kenndu við Gilsá, en væntanlega fæst öruggari aldursviðmiðun með tengingum við yngri jarðmyndanir við áframhaldandi rannsóknir við Snæfell. Ekki verður hér farið mörgum orðum um Snæfell. Því verður væntanlega gerð betri skil síðar af öðrum. Snæfell gnæfir um 1000 m yfir umhverfi sitt (1833 m.y.s.) með jökulhettu og nokkrar skriðjökulstungur er teygja sig niður eftir hlíðunum. Það er umkringt mörgum lægri fellum og er eitt þeirra, Laugarfell strax sunnan við Laugará. Það er myndað af móbergsbreksíu og hvílir á hraunlögum um 1.7 miljón ára gömlum, en virðist sjálft vera allmiklu yngra, eða frá seinustu ísöld, þar sem það virðist vera lítið sorfið. Sama er að segja um önnur fell umhverfis Snæfell og einnig það sjálft í sinni núverandi mynd. Í Snæfelli og sumum hinn nærliggjandi fella er að finna bæði súrt og basiskt gosberg, oft samofíð. Elzta berg, sem virðist mega tengja eldvirkni á þessu svæði er líparítbreksía, lag 8016/8015 í sniði 80. Aldur þess er tæp 2 miljón ár samkvæmt tímatalinu í töflu 2. Yngstu gos í Snæfelli virðast hins vegar hafa orðið í ísaldarlok eða jafnvel síðar. Á kortinu á mynd 3 eru sýndir þrír gígar, sem bera með sér mjög ungan aldur. Einnig þekja þykk óhörönuð hlaupset svæðið framan við vesturhlíðar Snæfells. Benda þau til þess, að gosið hafi í Snæfelli í ísaldarlok, ef til vill í stóra gínum, sem sýndur er á jarðfræðikortinu. Sem fyrr segir ber talsvert á líparíti í Snæfelli og virðist Líparíthryggur með NA-SV læga stefnu liggja gegnum Snæfell vestanvert. Annað líparítsvæði er í fjalllendinu austan við Eyjabakkajökul.

Sprungur. Í móton landslagsins eru ríkjandi norðaustur-suðvestur stefna og norður-suður stefna. Gangar hafa yfirleitt norður-suður stefnu eða því sem næst. Mikið brotasvæði með norðlæga stefnu gengur yfir Fljótsdalinn, um austurbrún Suðurdals og yfir

um hjá Hengifossi. Er bergið allt sundurbrotið og haggað á þessu svæði, göngum sköttið og víða ummyndað. Er erfitt að rekja berglög á þessu svæði. Svæðið frá Bessastaðagili og inn móts við bæinn Hól má segja að sé í útjaðri þessa sprungusvæðis. Bergið er allmjög sprungið, enda þótt höggun jarðlaga sé ekki mikil. Hálandið norður af Fljótsdal er svo hulið jarðvegi að óviða sér í berg og af þeim sökum sprungur ekki sýnilegar.



ORKUSTOFNUN

18.


Segulstefnutimatal (eftir Cox '69)  
OO-80 jarðlagasnið

8.5 '72 EGV/IS.

Tnr. 29

B-334

Fnr. 10541



## 7. Laus yfirborðslög.

Kortið á mynd 4 á að sýna helztu einkenni yfirborðsins. Ekki voru gerðar aðrar en mjög lauslegar athuganir á yfirborðslögum. Kortið er að mestu unnið eftir loftmyndum. Kortaeiningar eru 6. Sú fyrsta, jökulurð sýnir helztu menjar um jaðarurðir frá lokum seinustu ísaldar og einnig nútíma jökulurð við Eyjabakkajökul og Snæfell. Önnur einingin er Eyrar og Skriðuvængir. Eyrar er helzt að finna sem framburð Jökulsár og skriðuvængir í hliðum Snæfells, bæði við Eyjabakkajökul og í Fljótsdalnum framan við Múlann.

Melar og Skriður. Þær er tiltölulega grunnt á berg, eða að minnsta kosti er hægt að finna þær opnur og kortleggja berggrunninn. Þrjár seinustu einingarnar eru allar hafðar um mýrlendi. Má segja að flokkunin sé gerð eftir vatnsinnihaldi þeirra.

Móar eru í talsverðum halla og er þær sæmilega þurrt og hægt að komast um á bílum í þurrtatið.

Mýrarflár með Dýjasvæðum. Þær er einungis fært á hestum eða fótgangandi. Er Fljótsdalsheiðin að miklu leyti af þessu tagi umhverfis vötnin.

Seinasta einingin, Dýjamýri, er höfð um "botnlausar" mýrar með ótal pyttum eða vatnsaugum. Mest er af þeim í nágrenni Snæfells. Eru Hafursfellsmýrar stærstar. Þær eru í allmiklum halla. Jarðvegurinn flýtur fram í breiðum flotgörðum. Á loftmyndum líkjast flotgarðarnir mest hraunjöðrum. Um þessar mýrar er tæplega fært á hestum. Dýjamýri er það einnig, sem er að fara í kaf í aur fram undan Eyjabakkajökli.

Um þykkt þessara jarðvegsmýndana veit ég ekki, en ég gizka að hún sé allmikil, a.m.k. í Dýjamýrinni. Við Jökulsá, frá Hafursá að Kirkjufossi, þær sem verið er við rætur Hafursfellsmýrar, virtist sem jarðvegurinn undir mýrinni væri mjög fínkornóttur, rauðgulleitur og leirkenndur.

### 8. Eftirmáli.

Um aðstæður til byggingar virkjunarmannvirkja mun ég ekki fjölyrða. Búast má við, að allt þetta votlendi á Fljótsdalsheiði muni valda talsverðum erfiðleikum, a.m.k. samgönguerfiðleikum og þarf sjálf sagt all umfangsmikil vegagerð að fara fram og ef til vill einhver framræzla mýranna. Hætt er þá við, að framkvæmdir breyti landgæðum og lífsskilyrðum. Ýtarleg kortagerð og nákvæm könnun á þykkt yfirborðslaga virðist þar nauðsynleg.

Á fyrirhuguðu stöðvarhússtæði er bergið talsvert sprungið. Einnig eru þar berggangar með norðlæga stefnu líkt og sprungurnar. Millilög virðast vera fremur þunn á þessu svæði og er það væntanlega kostnr, vegan þess að þau veðrast auðveldlega.

Sennilega má rekja berglögin eitthvað inn í fjallíð, en þau eru trúlega runnin í dal með norðlægari stefnu en Fljótsdalur hefur nú. Efni til mannvirkjagerðar ætti að vera hægt að fá úr mórenu og malareyrum og til mölunar virðist vera nóg af lítt ummynduðu basalti.

Jarðgangasvæðið við Laugarfell er væntanlega í lagskiptu bergi líkt og fram kemur í sniðunum, en þó kann að vera, að nálæg eldvirkni breyti þarna einhverju um aðstæður.

Á stíflustæðinu við Eyjabakkafoss virðist ekki vera um sérstök jarðtæknileg vandamál að ræða. Berggrunnurinn er reglulegur, lagskiptur og millilögin vel harnað jökulberg eða gosbreksia.

Lónsstæðið fyrir ofan virðist vera vel þétt.

### 9. English Summary.

The aim of this report is to give an idea of the geological conditions in the upper parts of the Fljótsdalur and Norðurdalur valley in Eastern Iceland, see map fig. 1. The investigation which was carried out in summer 1970 is a part of a greater investigation project which aims at geological survey of the area to the north of the Vatnajökull glacier, between the rivers Jökulsá á Fjöllum and Jökulsá í Fljótsdal, with the building of a great electric power plant or plants in mind.

The area dealt with in this report is shown on fig. 2. The western slope of the Fljótsdalur and Norðurdalur valleys were especially under investigation. Certain profiles were under careful study the location of which is shown on fig. 2.

Geology. The investigation area is situated on the western margin of the Tertiary basalt formation in Eastern Iceland. In this area the Tertiary rock is replaced by early Quarternary formations, which are in fact of similar character, i.e. sheets of basaltic lavas with interbeds, but different from the Tertiary formations they often indicate colder clime, even glaciations. The bedrock has a western dip about  $6-7^\circ$  in the oldest and deepest lying layers, but the dip gradually decreases upwards and is about  $2-3^\circ$  in the youngest parts.

Iceland has become a classical ground for studying of the early Quarternary rocks, especially eastern Iceland, both the valleys Jökuldalur and Fljótsdalur which have been under investigation, in connection with the establishment of the magnetic time scale. Great many scientists and scientific teams have been working on this project for years. In this report especially the investigations of Wensink and Dougall, Dagley, Walker, Þorbjörn Sigurgeirsson and others have been of value.

In table 2 on page 18 the profiles have been fitted into the magnetic time scale as represented by Cox in 1969. It extends 4.5 million years back in time. The Quarternary age is supposed to have started about 3.3 million years ago. The boundary between the Gauss/Gilbert magnetic epochs or  $N_2/R_2$  as they are also called, is often chosen as the boundary between the Tertiary and Quarternary periods.

When an attempt was made to fit the profiles described in this report into the time scale the results of the magnetic measurements were compared to the results of the above mentioned investigators. The results represented here are in my opinion the most likely solution. There are of course other possibilities of puzzling this together and future investigations in larger areas will give more accurate results.

On the geological map on fig. 3 the boundaries between the Gauss/Gilbert and Matuyama/Gauss epochs are shown in accordance with the interpretation of the profiles, see fig. 5.

A special attention has been paid to the layers of tillite- and with their help two regional stratigraphic horizons have been determined, see fig 3 and table 2 on page 18.

The profiles span over some 3 millions of years in time, from approximately 1.5 - 4.5 millions of years from present. The total thickness of the profiles is about 3750 meters and the netto thickness of the rock investigated is between 1000 and 1100 meters. The oldest rock is found in profile 10 and the youngest in profile 0o.

The youngest bedrock in the investigation area is found in mount Snæfell (1833 m a.s.) and the adjacent mountains. The Snæfell area is made of tuffs and móberg and other pyroclasic rocks with intercalations of rhyolite. The oldest part of the Snæfell

formation which was identified is rhyolitic breccia some 1.7 million years old, and the youngest part is found in some morphological features on the Snæfell mountain which have been interpreted as finiglacial or early postglacial craters, i.e. about 10 000 years of age, see fig. 3.

Dominating trends in the landscape are of NA-SW and N-S direction. Most of the dykes have N-S direction and the greatest one in the area is the Tröllkonustígur dyke which protrudes from the slope of the innermost part of the Fljótsdalur valley. Some dykes are seen of more westerly direction for. ex. the Grundarlækur dyke at profile 60. Many of the interbeds are made of pyroclastic material, even volcanic bombs and scoria are found which indicate a short transport from the eruptive source. Also thick layer of ignimbrite is found in the Tertiary rock in profile 10 the source of which is unknown.

The map on fig. 4 shows the main characteristics of the surface layers. The high plateau is mostly covered by bogs and shallow lakes and is not accessible by cars, unless some road building takes place.

Austurlandsvirkjanir, Fjótsdalur  
YFIRLITSKORT /KEY MAP

Mælitnáði Scale  
0 50 100 km

7.5 '71 EGV/I.S. Tn. 18 B-334 Fn. 9819

16°

18°

20°

22°

24°

66°

65°

64°

Mynd 1

15°

17°


19°

21°


23°


25°

14°











## SKÝRINGAR / LEGEND

N	Basalt	N	Basalt með réttu segulstefnu
R	Basalt normally magnetized	R	Basalt með örfuga segulstefnu
		R	Basalt reversely magnetized
			Millitug / Interbed
B	Breksia / Breccia	G	Gjall / Scoria
J	Jökulberg / Tilitíte	M	Móberg
S	Skiða / Scree	S	Túff
T	Tengilinur	V	Völuberg / Conglomerate
		*	* Punnsneiðar, sjá viðauka.
			Thin sections, see Appendix
			Staðsettning á mynd 2
			Location on fig 2



Mynd 6




Skýringar og skammstofanir ómynd 13  
Staðsettning ó mynd 2

\* R I037: Bas. gr. fínk. Lagm. br.  
N I036: Bas. dö. gr. fínk.  
N I035: Bas. dö. gr. fínk.

ORKUSTOFNUN	
Austurlandsvirkjanir. Fjóldsalur Snið 10 Bessastaðaá.	
16.4.71 EGV/IS Tnrl.	Fnr. 9780
Blað 1. af 14 Blað 334	



Mynd 8



Skýringar og skommstofanir á mynd 13  
Stoðsetning á mynd 2

## ORKUSTOFNUN


Austurlandsvirkjanir, Fjóldastalar

Snið 20 Végarður.

16.4.'71 EGV./IS. Tnr. 3




Blað 3 af 14 6-334

Fnr. 9804



Skýringar og skommstafanir á mynd 13  
Staðsettning á mynd 2


ORKUSTOFNUN		
Austurlandsvirkjónir, Fljótsdalur		
Snið 20 Végarður		
16.4.71 EGV/18	Tnr. 4	
Blað 4 af 14	8-334	Fnr. 9805

**ORKUSTOFNUN**

Austurlandsvirkjanir, Fjólsedatur

Snið 30 Melgræfur

Mynd II



Skýringar og skammstafanir á mynd 13  
Staðsettning á mynd 2


### ORKUSTOFNUN

Austurlandsvirkjunir, Fljótsdalur

Snið 30 Melgroefur

19471 EGV/IS	Tn. 6
Blad 6 of 14	B-334

Fnr. 9807



Skýringar og skammstafanir á mynd 13

Staðsettning á mynd 2

## ORKUSTOFNUN

Austurlandsvirkjanir, Fljótsdalur

Snið 40 Orkuver

19.4.71 EGV/IS Tnrs. 7

Blad 7 of 14 B-334


Fnr. 9808

## Mynd 13

### SKAMMSTAFANIR / ABBREVIATIONS


Bas.	basalt
blo.	blöðrött / vesicular
br.	breksia / breccia
dö	dökkt / dark
dil.	dilött / porphyritic
dulk.	dulkornött / microcrystalline
einst.	einstakar / coarse
fink.	finkornött / fine grained
f.	holufyllingar / secondary fillings
fe.	feldspat / feldspar
fr.	fremur / rather
gr.	grátt / grey
grágr.	grágrýti / dolerite
gjallt.	gjallikent / scorriaceous
grófk.	grófkornött / coarse grained
kv.	kvarz / quartz
l.	ljós / light
lagm.	lagmöt / contact
lagsk.	lagskipt / bedded
líp.	liparit / rhyolite
m.	með / with
ol.	olivin / olivine
pyc	pyroxen
r.	raut / red
sandsr.	sandsteinn / sandstone
skál	skálogótt / cross bedding
spr.	sprungið / fractured
straumfl.	straumflögött / flow structure
sv.	svart / black
völuub.	völuberg / conglomerate
ze.	zeolitar / zeolites
p.	pétt / dense

### SKÝRINGAR / LEGEND



ORKUSTOFNUN	Austurlandsvirkjanir, Fjótsdalur	19.4.'71 EGV/IS.
Blað 8 af 14.	Skyringar / Legend	Tnr. 8
		B - 334
		Fmt. 9809




Mynd 14



ORKUSTOFNUN

Austurlandsvirkjanir, Fljótedalur

Snið 50 Ljósá

**ORKUSTOFNUN**

Austurlandsvirkjanir, Fljótsdætur

Snið 60 Grundarlöskur




Skýringar og skammstafanir á mynd 13  
Staðsettning á mynd 2

Lengd	Hæð m.y.s.	GREINING	Sýni nr.
295	270	<b>Snið 60 frh.</b>	
300	264	R 21 Bos. l. gr. dulk. kv.f. 602II	
305	259	20 Gjall og Túff	
310	255	R 19 Bos. gr. fínk. 6019I	
315	255	18 Gjallk. efst Bos. gr. dulk. kv.f. 6018I	
320	241	R 17 Túff og gjall	
325	237	N 16 Bos. dö. gr. fínk. fe. díl. kv.f. 6016I 60162	
330	237	16 Bos. dö. gr. fínk. fe. díl. kv.f. 60163	
335	226	N 15 Gjallk. efst Bos. gr. fínk. fe. díl. 6014I	
340	218	N 14 Gjallk. efst Grógr. fe. díl. 6014I	
345	209	N 13 Gjallk. efst Bos. dö. gr. fínk. fe. og pyr. díl. kv.f. 6013I	
355	200	N 12 Túff og gjall	
360	197	II Bos. gr. fínk. fe. og ol. díl. kv.f. 601II	
375	180	N 10 Gjallk. efst. Bos. dö. gr. fínk. ol. og fe. díl. kv.f. 6010I	
390	170		
395			


Lengd	Hæð m.y.s.	GREINING	Sýni nr.
395	395	<b>Snið 60 frh.</b>	
395	395	170 09 Gjallk. efst Bos. dö. gr. fínk. fe. díl. kv.f. 6009I	
395	395	400 N Blaðrött neðst	
395	395	405 N 08 Gjallk. efst Bos. dö. gr. fínk. fe. díl. kv.f. 6008I	
395	395	410 N 07 Gjallk. efst Bos. gr. fínk. fe. díl. -> 5 mm 6007I	
395	395	420 N 06 Gjallk. efst. Bos. gr. fínk. pyr. og fe. díl.->3 mm kv.f. 6006I	
395	395	430 N 05 Gjallk. efst Bos. dö. gr. dulk. kv.f. 6005I	
395	395	435 N 04 Gjallk. efst Bos. gr. dulk. kv.f. 6004I	
395	395	440 N 03 Gjallk. efst. Bos. dö. gr. dulk. kv.f. 6003I	
395	395	445 N 101 02 Gjallk. efst Bos. fínk. kv.f. 6003I	
395	395	460 R 89 01 Bos. gr. fínk. 600II	
395	395	470 N 80	
395	395	480 N 485	

Skýringar og skammstafanir á mynd 13  
Staðsettning á mynd 2

ORKUSTOFNUN		
Austurlandsvirkjanir, Fljótsdolur		
Snið 60 Grundarlöekur		
19.4.'71 EGV/LS	Ihr. II	
Blað 11 af 14	B-354	Fnr. 9812



Skýringar og skommatafanir á mynd 13  
Staðsettning á mynd 2





Skýringar og skommastofanir á mynd 13  
Stöðsetning á mynd 2

## ORKUSTOFNUN

Austurlandsvirkjanir, Fljótsdalur

Snið 00 Jökulsá

19.4.71 EGV/IS	Tnr. 13	Fnr. 9814
Blað 13 af 14		



Hæð my.s.	GREINING	Sýni nr.
495	150 N 43 Bas. gr. dulk.	0043I
500	R	
505	145 44 Bas. gr. fink.	0044I
510	N	
515	140 45 Bas. l. gr. dulk.	0045I
520	N	
525	135 46 Bas. dö. gr. fink. einst. fe. ill.	0046I
530	N	
535	133 47 Bas. dö. gr. fink.	0047I
540	N	
545	130 48 Jökulberg	0048I
550	N	
555	127 49 Bas. gr. dulk. f.	0049I
560	N	
565	125 50 Bas. l. gr. fink.	0050I
570	N	
97	122 51 Bas. dö. gr. fink.	0051I
98	N	
99	119 52 Grágr. sv.	0052I
100	N	
101	116 53 Bas. gr. dulk.	0053I
102	N	
103	113 54 Bas. dö. gr. fink. ze. f.	0054I
104	N	
105	111 55 Bas. dö. gr. fink. ol. dill. -> 1mm fe. dill. -> 5mm ze. f.	0055I
106	N	
107	108 56 Grágr. dö. gr. dóeins. fe. dill.	0356I
108	N	
109	106 57 Bas. dö. gr. fink. fe. dill. -> 3mm ze. f.	00557
110	N	
111	104 58 Bas. dö. gr. dulk. fe. dill. -> 2mm kv. f.	0058I
112	N	
113	102 59 Bas. gr. dulk. ze. eða kv. f.	0059I
114	N	
115	100 60 Bas. gr. dulk. m. fe. dill. -> 5mm ze. f	0060I
116	N	
117	97 61 Bas. gr. dulk. fe. dill. -> 4mm kv. f.	0061I
118	N	
119	95 62 Bas. gr. dulk. fe. dill. -> 2mm kv. f.	0062I
120	N	
121	92 63 Bas. dö. gr. fink. fe. dill. -> 5mm einst. ol. dill.	0063I
122	N	
123	90 64 Bas. dö. gr. fink. fe. dill. -> 6mm ol. dill. -> 3mm	0064I
124	N	
125	88 65 Bas. gr. fink. fe. dill. -> 4mm	0065I
126	N	
127	85 66 Bas. gr. fink. einst. dill. -> 2mm kv. f.	0066I
128	N	
129	82 67 Bas. gr. fink. einst. fe. dill. -> 2mm	0067I
130	N	
131	80 68 Bas. l. gr. fink. straumfl.	0068I
132	N	
133	78 69 Bas. l. gr. fink. straumfl.	0069I
134	N	

Skýringar og skammstofanir á mynd 13  
Stoðsetning á mynd 2

## ORKUSTOFNUN

Austurlandsvirkjun, Fjólsedalur

Sníð 00 Jökulsá

19.4'71 EGV/IS	Thr. 14	Fnr. 9815
Blað 14 af 14	B-334	

A p p e n d i x

Description of all basalt handspecimens collected during  
fieldwork summer 1970 in the area west of the river  
Jökulsá í Fljótsdal

and

Petrography of selected thin sections of basalts in connection  
with geological mapping in Jökulsá í Fljótsdal summer 1970.

Bente Helgren-Jensen.

Petrography:

One handspecimen has been collected from each basaltlayer in eight profiles. These profiles are more or less perpendicular to the river Jökulsá í Fljótsdal. The numbers start at the river Jökulsá and ends in the direction of the plateau. The profile along the river itself begins to the south and ends with the highest numbers to the north.

HandsSpecimens have been chosen for thin sections in an attempt to correlate the profiles according to tillite-horizons and paleo-magnetic profiles mainly. The ages of the basalts range from upper Tertiary to middle Pleistocene age.

Practically all thin sections contain glass, although this being very little by times, and most of it is devitrified. Where olivine occurs it is usually corroded or completely altered. Pseudomorphism after olivine is frequent. The pyroxene is clinopyroxene (augite and pigeonite?). Among the porphyries the plagioclase phenocrysts are most abundant very often forming aggregates of euhedral crystals. They range in anorthite-contents from labradorite to bytownite ( $An_{50-80}$ ). The An-contents have been measured either by the extinction angle  $\alpha^1 \sim (010)$  of plagioclase using the high temperature curve fig. 111 in Tröger, or by extinction angles in combined albite-carlsbad twins, looking up the An-contents in the high temperature diagramme after A.C.Tobi, Amer. Jour. Sci. vol. 261, 1963. In a couple of cases the refractive index has been measured and the An-contents looked up in tables after Deer, Howie and Zussman.

Following are short descriptions of handspecimens and thin sections. The first two ciphers in the number show the profile and the two next are the number of the basalt layer in the profile.

Abbreviations used are: plag. (plagioclase), px. and cpx. (pyroxene and clinopyroxene), ol. (olivine), qz. (quartz) and sec. min. (secondary minerals).

